

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Reykjavík, 4. mars 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, 258. Mál, EES reglur, breyting ýmissa laga.

Samtök iðnaðarins styðja eindregið að matvælaeftirlit í landinu verði samræmt og gert skilvirkara og að sömu reglur gildi á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar, frá hafi og haga til maga. Samkvæmt frumvarpinu er kveðið skýrt á um að Matvælastofnun skuli hafa yfirumsjón með matvælaeftirliti heilbrigðisnefnda sveitarfélaga og að stofnunin skuli gefa út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur til að tryggja samræmt eftirlit. Þetta telja Samtökin vera skref í rétta átt en augljóst er að mikið óhagræði felst í því að matvælaeftirlit í landinu skuli vera á hendi svo margra aðila. Samtökin telja að skrefið eigi að stíga til fulls og færa allt opinbert matvælaeftirlit undir Matvælastofnun. Einnig telja Samtökin mikilvægt að heimildir til að fela faggiltum skoðunarstofum matvælaeftirlit verði nýttar þar sem það á við.

Samkvæmt hinni nýju löggjöf á matvælaeftirlit að byggjast á áhættumati. Jafnframt er gefið í skyn að innra eftirlit fyrirtækja geti verið þáttur í opinberu eftirliti. Samtökin leggja áherslu á að skýrar heimildir verði í lögnum til að draga úr opinberu eftirliti hjá fyrirtækjum sem hafa innra eftirlit í góðu lagi og þar sem áhætta er lítil.

Frumvarpið felur í sér að innflutningur verður heimill á hráu kjöti, mjólkurvörum og eggjum. Þessi breyting mun að öllum líkindum leiða til aukins innflutnings þrátt fyrir að ekki sé í frumvarpinu hróflað við innflutningsgjöldum. Samtökin hafa ávallt lagt áherslu á að þegar reglum um tolla og innflutning er breytt skuli veita hæfilegan aðlögunartíma. Það gildir einnig í þessu tilviki og á þess vegna að nýta heimildir til aðlögunar.

Mikilvægt er að tíminn fram að gildistöku ákvæða um innflutning ferskra búfjárafurða verði nýttur til þess að meta áhrif þeirra breytinga sem verið er að innleiða, kynna þær vel fyrir atvinnugreininni og ráðast í þær úrbætur sem nauðsynlegar eru á starfsumhverfinu.

Mikill árangur hefur náðst í baráttu við salmonellu og kamfýlóbakter í kjúklingum og svínakjöti hér á landi, m.a. fyrir þrotlaust starf framleiðenda og gott samstarf við stjórnvöld. Samtökin telja afar mikilvægt að stjórnvöld grípi til aðgerða sem nauðsynlegar eru til að sjá til þess að sömu kröfur séu gerðar til innfluttra afurða og innlendra hvað varðar kamfýlóbakter- og salmonellusmit.

Breytingar á markaðsaðgangi, og þar með samkeppnisstöðu, eru til þess fallnar að skapa óróa á þeim markaði sem þær snerta. Innlendir framleiðendur kjötafurða óttast mjög um samkeppnisstöðu sína gagnvart innflutningi, einkum í ljósi þess að hér viðgengst að ýmsar kjötvörur eru endursendar úr verslunum á kostnað framleiðanda ef þær seljast ekki áður en geymslupól rennur út. Þetta veldur bæði framleiðendum og neytendum umtalsverðu tjóni þar sem kostnaðurinn fer óhjákvæmilega að nokkru leyti út í vöruverð. Ljóst er að kjötvörur, sem verslanir flytja inn sjálfar, munu ekki sæta sömu meðferð og njóta því samkeppnisforkots. Samtök iðnaðarins telja að eina leiðin til að jafna samkeppnisstöðu innlendra vara og erlendra sé að í tengslum við hina nýju

matvælaöggjöf sjái stjórnvöld til þess að sett verði skýr ákvæði í lög um að óheimilt sé að endursenda vörur til framleiðenda ef verslunin hefur einu sinni tekið við þeim. Með því móti verður sami hvati fyrir verslanir að selja vörur frá innlendum birgjum og vörur sem þeir flytja inn erlendis frá. Að setningu slíkra lagaákvæða verða að koma fulltrúar framleiðenda, verslunar, matvælastofnunar og samkeppnisyrvalda.

Í frumvarpinu er fjallað um kostnað við matvæla- og fôðureftirlit og ljóst er að heildarkostnaður við eftirlitið mun aukast umtalsvert. Útgangspunktur í þessari nýju löggjöf er neytendavernd og verður að teljast eðlilegt að hið opinbera standi að stórum hluta straum af hinum aukna kostnaði. Í frumvarpinu eru heimildir til að taka sérstakt tillit til þarfa fyrirtækja með litla framleiðslu og sem búa við sérstakar landfræðilegar aðstæður. Færa má rök fyrir því að öll íslensk fyrirtæki falli í þennan flokk í samanburði við risavaxna erlenda samkeppnisaðila. Því leggja Samtökin áherslu á að ráðherra nýti þessar heimildir eins og kostur er og að eftirlitsgjöldum verði eins stillt í hóf og löggjöfin framast leyfir.


Samtökin leggja mikla áherslu á að ráðherra hafi samráð við hagsmunaaðila við setningu gjaldskrár fyrir opinbert eftirlit og fagna því að inn í frumvarpið frá í fyrra hefur verið bætt ákvæði um að leitað skuli umsagnar hagsmunaaðila. Samráð verður að hafa við hagsmunaaðila hvort sem um er að ræða gjaldskrár vegna eftirlits Matvælastofnunar eða heilbrigðisnefnda sveitarfélaga.

Samtökin ítreka fyrri athugasemdir sínar við 32. gr. (30. gr. í fyrra frumvarpi) Í greininni er fjallað um heimildir til innflutnings á ýmsum afurðum sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Samtökin benda á að mjög mikilvægt er að heimila innflutning á mjöli úr fiðri alifugla (e: feather meal) og öðru mjöli úr aukaafurðum alifugla (e: poultry byproduct meal) til notkunar í fiskafóður til að tryggja samkeppnishæfni íslenskra framleiðenda á fiskafóðri. Þrátt fyrir að þessar afurðir séu ekki notaðar í fóður fyrir eldisfisk hér á landi eru þær notaðar í fiskafóður fyrir aðra markaði sem íslensk fôðurfyrirtæki framleiða fyrir.

Að öðru leyti vísa Samtök iðnaðarins til og lýsa yfir stuðningi við umsögn Samtaka atvinnulífsins og fleiri samtaka varðandi skipan matvælaeftirlits, skráningarskyldu og eftirlitsgjöld.

Samtökin fara eindregið fram á að taka þátt í þeirri endurskoðun á heildarlöggjöf um matvæli sem blasir við verði þetta frumvarp að lögum. Jafnframt óska Samtökin eftir að fá rúman umsagnarfrest um Evrópureglugerðirnar, sem hér um ræðir, þegar þær verða innleiddar í íslenska löggjöf.

Virðingarfyllst,
SAMTÖK IÐNAÐARINS



Jón Steindór Valdimarsson,
framkvæmdastjóri



Ragnheiður Héðinsdóttir,
forstöðumaður matvælasviðs